



Borgarráð

**Viðauki við fjárhagsáætlun 2019****1. Styrkur til Tónlistarfélags Árbæjar (ÍTR)**

Lagt er til að fjárheimildir íþrótta- og tómsundasviðs verði hækkaður um 5.000 þ.kr. vegna styrks til Tónlistarfélags Árbæjar vegna leigu á húsnæði í Stangarhyl fyrir tónlistarmiðstöð fyrir ungt fólk. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Styrkur til Tónlistarfélags Árbæjar (ÍTR)	Til	5.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-5.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

**Greinargerð:**

Vísað er í mál R19030193, Tónlistarfélag Árbæjar – styrkur.

**2. FabLab samstarfssamningur (VEL)**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaður um 7.500 þ.kr. vegna samstarfssamnings um starfsrækslu stafrænnar smiðju, Fab lab Reykjavík, í húsnæði Fjölbrotarskólans í Breiðholti. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxxx	FabLab samstarfssamningur - stöðugildí (VEL)	Til	7.500
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-7.500
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir ekki tillögunni.

**Greinargerð:**

Vísað er í mál R18010197, Fab lab Reykjavík – samningur um starfrækslu Fab lab í FB, 2018-2020 sbr. samþykkt borgarráðs 18. janúar 2018.

### 3. Ráðgjöf vegna innleiðingar þjónustustefnu (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu þjónustu og rekstrar verði hækkaðar um 14.000 þ.kr. vegna innleiðingar á þjónustustefnu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
RHS	xxxx	Ráðgjöf vegna innleiðingar þjónustustefnu	Til	14.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-14.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni, sjá hjálagt.

#### **Greinargerð:**

Um er að ræða aðkeypta ráðgjöf vegna innleiðingar á Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarráði 17. nóvember 2016. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar lýsir samræmdri sýn borgarinnar á það hvað þjónustuveiting snýst um. Þannig nýtist hún starfsfólki við dagleg störf um leið og hún setur viðmið og mælikvarða um þjónustu borgarinnar almennt.

### 4. Hugbúnaðarleyfi Microsoft (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu þjónustu og rekstrar verði hækkaðar um 67.000 þ.kr. vegna kostnaðar við hugbúnaðarleyfi Microsoft. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
RHS	xxxx	Hugbúnaðarleyfi Microsoft	Til	67.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-67.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Á árinu 2018 var samningur vegna Microsoft hugbúnaðarleyfa endurnýjaður. Kostnaður vegna endurnýjunar reyndist talsvert hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir m.a. vegna gengisáhrifa og hærri tilboða frá birgjum í útboði. Um er að ræða greiðslur vegna allra Microsoft leyfa og er greitt fyrri 12 mánuði í einu. Ákveðið var að skipta greiðslunni og færa 67 m.kr. yfir árið 2019. Þetta er viðbótar útgjöld sem ekki eru til fjárheimildir fyrir á skrifstofunni á árinu.

### 5. Viðbótarkostnaður hjá Hinu Húsinu vegna flutnings úr Pósthússtræti að Rafstöðvarvegi (ÍTR)

Lagt er til að fjárheimildir íprótta- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 10.717 þ.kr. vegna árlegs viðbótarkostnaðar vegna flutnings á Hinu húsinu af Pósthússtræti 3-5 á Rafstöðvarveg 7-9. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Viðbótarkostnaður hjá Hinu húsinu (ÍTR)	Til	10.717
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-10.717
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Hitt húsið var til húsa á Pósthússtræti 3-5 en hefur nú flutt á Rafstöðvarveg 7-9. Í Pósthússtræðti leigði Hitt húsið frá sér hluta af húsnæðinu og fékk af því leigutekjur að fjárhæð 8,042 m.kr. Á nýjum stað er slíkum tekjum ekki fyrir að fara. Auk þess sem rekstrarkostnaður er hærri á Rafstöðvarvegi en var á Pósthússtræti.

#### **6. Samningur við Fram (ÍTR)**

Lagt er til að fjárheimildir íþróttá- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 20.000 þ.kr. vegna viðbótarfjárveitingar vegna samnings við Fram. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Samningur við Fram (ÍTR)	Til	20.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-20.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir ekki tillögunni.

#### **Greinargerð:**

Vísað er í mál R13100424, Úlfarsárdalur – samningur við Fram, sbr. samþykkt borgarráðs 6. júlí 2017.

#### **7. Skil á fjárheimildum vegna seinkunar á knatthúsi í Breiðholti (ÍTR)**

Lagt er til að fjárheimildir íþróttá- og tómstundasviðs verði lækkaðar um -10.000 þ.kr. vegna seinkun byggingar á knatthúsi ÍR. Lækkun útgjalda verði færð inn á kostnaðarstað 09205.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Skil á fjárheimildum - knatthús í Breiðholti	Til	-10.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	10.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Inn í ramma ársins 2019 hjá ÍTR eru 10.000 þ.kr. vegna reksturs á knatthúsi á ÍR svæðinu. Gert var ráð fyrir að það yrði tekið í notkun 1. september 2019 en nú liggur fyrir að Knatthúsið verður ekki tekið í notkun fyrr en 1. febrúar 2020. Þannig verða þær fjárheimildir ekki nýttar á árinu 2019.

#### **8. Skil á fjárheimildum vegna seinkunar á fimleikahúsi á Seltjarnarnesi (ÍTR)**

Lagt er til að fjárheimildir íprótta- og tómsfundasviðs verði lækkaðar um -8.750 þ.kr. vegna rekstrar á fimleikahúsi á Seltjarnarnesi. Lækkun útgjalda verði færð inn á kostnaðarstað 09205.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Skil á fjárheimildum - fimleikahús Seltjarnarnesi	Til	-8.750
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	8.750
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

### **Greinargerð:**

Fyrirhuguð opnun á fimleikahúsi á Seltjarnarnesi í upphafi árs 2019 hefur seinkað og miðast opnun hússins og rekstur þess við 1. apríl 2019. Kemur því ekki til greiðslna fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins en gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun hjá ÍTR. Við þessar breytingu lækka útgjöld sviðsins um 8.750 þ.kr. árið 2019.

### **9. Þjóðarleikvangur (ÍTR)**

Lagt er til að fjárheimildir íprótta- og tómsfundasviðs verði hækkaðar um 25.000 þ.kr. vegna framlags til félagsins Þjóðarleikvangur ehf. sem hefur það hlutverk að undirbúa lokaákvörðun um endurnýjun Laugardalsvallar og byggingu nýrra mannvirkja þar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Þjóðarleikvangur (ÍTR)	Til	25.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-25.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir ekki tillögunni.

### **Greinargerð:**

Vísað er í nánari upplýsingar í mál R15020197 Laugardalvöllur – framtíð vallarins. Umrædd fjárheimild var á fjárhagsáætlun íprótta- og tómsfundasviðs á árinu 2018. Framlagið var ekki greitt á síðasta ári, þar sem tafist hefur að koma verkefninu af stað.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Jafnréttisskimun vegna þjónustustefnu, dags. 8. apríl 2019.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmingar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

<b>Dagsetning:</b>	8. apríl 2019
<b>Svið:</b>	Skrifstofa þjónustu og reksturs / Svið þjónustu og nýsköpunar
<b>Unnið af:</b>	Óskari J. Sandholt
<b>Verkefni/tillaga:</b>	Þjónustustefna Reykjavíkurborgar
<b>Þjónustubáttur:</b>	
<b>Stofnun/kostn.st.:</b>	01265
<b>Fjárhæð:</b>	14.000.000 kr
<b>Annað:</b>	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Tillagan er sú að fjármagna aðkeypta ráðgjöf vegna innleiðingar á Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarráði 17. nóvember 2016. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar lýsir samræmdri sýn borgarinnar á það hvað þjónustuveiting snýst um. Þannig nýtist hún starfsfólki við dagleg störf um leið og hún setur viðmið og mælikvarða um þjónustu borgararinnar almennt.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Já, tillagan er talin koma öllum kynjum til góða.
<b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>
Tillagan snertir alla þá einstaklinga sem njóta þjónustu Reykjavíkurborgar og þá starfsmenn Reykjavíkurborgar sem veita íbúum þjónustu.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Tillagan snertir stöðu kynjanna ekki með beinum hætti en hún stuðlar að betri og markvissari þjónustu Reykjavíkurborgar við íbúa.
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>
Nei

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.